

Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

8. fundur haldinn í Borgartúni 3, Reykjavík, mánudaginn, 10. mars 2008 kl. 13.30.

Eftirtaldir nefndarmenn sátu fundinn:

Reykjavík: Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður.

Kópavogur: Einar Kr. Jónsson og Jón Júlíusson.

Hafnarfjörður: Gísli Ó. Valdimarsson varaform. og Rósa Guðbjartsdóttir.

Garðabær: Stefán Snær Konráðsson og Eyþór R. Þórhallsson.

Mosfellsbær: Haraldur Sverrisson og Finnur Birgisson.

Seltjarnarnes:

Álftanes: Kristinn Guðlaugsson.

Kjósarhreppur:

Fulltrúi Skipulagsstofnunar: Stefán Thors.

Auk þess sátu fundinn: Smári Smáráson, Birgir H. Sigurðsson og Geir Marelsson Kópavogi, Arinbjörn Vilhjálmsson, Garðabæ, Haraldur Sigurðsson Reykjavík og Guðmundur Malmquist SSH sem ritaði fundargerð.

Hanna Birna Kristjánsdóttir formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. **Fundargerð 7. fundar frá 3. mars sl.** Fundargerðin var lögð fram og samþykkt.
2. **Tillaga að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins vegna Glaðheima í Kópavogi.** Lögð fram endurskoðuð tillaga þar sem heildar byggingarmagn hefur verið lækkað úr 195.000 fermetrum (sbr. auglýst tillaga) í 158.000 fermetra (tillaga dagsett 10. mars 2008). Tillagan var rædd og kom fram

ánægja með að samkomulag væri í málinu og viðurkennt að um væri að ræða meiriháttar breytingu á svæðisskipulaginu.

Formaður bar því næst upp tillöguna, ásamt umsögn um framkomnar athugasemdir skv. 13. gr. 3. mgr.skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. 8 samþykktu tillöguna, Finnur Birgisson sat hjá og Jón Júlíusson greiddi atkvæði á móti og gerði grein fyrir afstöðu sinni með eftirfarandi bókun:

Hér hefur verið samþykkt tillaga að svæðisskipulagi á Glaðheimasvæðinu í Kópavogi sem gerir ráð fyrir að rísi ein þéttasta byggð verslunar- og þjónustu á landinu. Í næsta nágrenni er nú þegar risið umfangsmikið verslunar- og þjónustusvæði og enn frekari uppbygging á teikniborðinu. Heildarhugsun vantar í skipulag í Smáranum og nágrenni, en því hefur verið leyft að þróast í bútum. Hugmyndir um byggingarmagn á svæðinu eru tröllauknar. Bæjarstjórn Kópavogs er ekki einhuga í málinu og vill minnihlutinn, sem ég er fulltrúi fyrir, ekki heimila svo mikið byggingarmagn. Ég hafna því alfarið svo miklu byggingarmagni á þessum reit..

3. **Tillögu Garðabæjar** um að “nefndin ráði til sín skipulagsráðgjafa sem undirbúi og meti þau mál sem koma fyrir nefndina”, var frestað til næsta fundar nefndarinnar þegar staða svæðisskipulagsins verður rædd, sbr. fundargerð 6. fundar. Jafnframt fól formaður ritara að afla upplýsinga um fjárheimildir samvinnunefndarinnar ef samþykkja ætti ráðningu skipulagsráðgjafa

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.40